

prestaskólakennara í Reykjavík, um styrk til að gefa út þýðingu yfir útvalda kafla úr nýja testamentinu. Stjórnin hefir í þessu skyni veitt beiðendunum 200 ríkisdala styrk. 1860.
30. ágúst.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir verið skipað í dag að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nefnd þá, er sett var í Reykjavík í fjárkláðamálinu, m. m. 30. ágúst.

Dómsmálastjórnin hefir fengið bréf yðar, herra stiptamtmaður, 27. f. m., þar sem þér létuð í ljósi álit yðar um bænarskrá, dagsetta 21. júnímanuðar er leið, frá nefnd þeirri, er fyrst um sinn hefir sett verið í Reykjavík í fjárkláðamálinu; fer nefndin fram á, að hverjum nefndarmanni sè veittur myndugleiki til að ferðast um í landinu ásamt dýralæknunum, hvar og hvenær sem þeim þyki þörf vera á því, til þess að kynna sèr heilbrigðisástand fjárins.

Sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir nefnd þessari lætur dómsmálastjórnin yður nú vita það, að hún verður að vera yður samdóma um, að ekki sè ráðlegt að veita nefndarmönnum slíkan almennan myndugleika til að ferðast um í landinu til að rannsaka ástand sauðfjárins; en að öðru leyti sè það lagt á yðar vald að leyfa nefndinni, þegar svo ber undir, að láta einn eður fleiri af nefndarmönnum ferðast til að rannsaka fèð, ef yður virðist slíkt af sèrstaklegum ástæðum vera æskilegt.

Hvorigur þeirra dýralækna, er til Íslands fóru, er enn kominn hingað aptur, og er þess þó getið í bréfi stiptamtmanns 12. maímánaðar er leið, að þeir ættu báðir eptir samkomulagi við nefndina að fara frá Íslandi með næstu gufuskipsferð, og aptur á ný í bréfi yðar 27. f. m., sem að ofan er nefnt, að Krause dýralæknir ætti, með samþykki nefndarinnar, að fara með gufuskipsferð þeirri, er þá var fyrir hendi. Dóms-

1860.
30. ágúst.

málastjórnin finnur þess vegna ástæðu til að geta þess, að eins og það er vitaskuld, að Krause getur ekki fengið neina borgun fyrir þann tíma, sem hann hefir dvalið á Íslandi eptir að gufuskipið fór þaðan, þannig býst stjórnin og við að þér, herra stiptamtmaður, gætið þess, að Hanstein dýralæknir ílengist þar ekki, til kostnaðarauka fyrir hið opinbera, lengur en þörf er á.

Að endingu skal þess getið, að nefndin í bræfi 31. f. m., er hún sendi beina leið hingað, hefir skýrt frá, að hún hafi sent amtmönnunum í norður- og austurumdæminu og í vesturumdæminu form til skýrslna um tölu fjárins, heilbrigðisástand þess m. m., og beðið embættismenn þessa sjá svo um, að slíkar skýrslur yrðu búnar til í hverjum hrepp, í fyrsta skipti við endalok septembermánaðar í haust, og síðan tvisvar á þriggja mánaða fresti. Um þetta efni eruð þér beðnir að tilkynna nefndinni, að dómsmálastjórnin hefir fallizt á þessa ráðstöfun hennar.

31. ágúst. **49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um borgun fyrir kennslu aðstoðarlækna.**

Eins og sjá má af eptirriti því, sem fylgir bræfi þessu, af bænarskrá, er landlæknirinn á Íslandi, Hjaltalín jústizráð, hefir sent beina leið hingað, hefir hann skýrt frá því, að 3 efuilegir ungir stúdentar hafi farið þess á leit við sig, að hann veitti þeim kennslu í læknisfræði, og þvínæst sótt um, að þeir 200 ríkisdalir, sem samkvæmt konungsráðskurði 12. ágústm. 1848 fyrst um sinn á ári hverju má greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts í borgun fyrir slíka kennslu, verði lagðir undir umráð landlæknisins, til þess þeim verði varið sumpart í ölmusur handa þeim, er ætla að verða aðstoðarlæknar, og sumpart til að kaupa fyrir bækur og áhöld, er þurfa við kennsluna, þaræð það megi sjá fyrir, að héraðslæknarnir hvorki vilji nè geti notað leyfi það, sem þeim er veitt til að kenna aðstoðarlæknum; en fari svo, að fè þetta ekki undir eins þetta árið geti orðið greitt úr jafnaðarsjóðunum, þá hefir landlæknirinn, til þess að missa ekki